

Öryggisstefna SORPU

SORPA vinnur eftir vottuðu gæðakerfi að auknu öryggi starfsmanna og viðskiptavina svo að fyrirbyggja megi óhöpp og slys.

Því leggur SORPA áherslu á:

- ✓ Að framfylgja lögum og reglugerðum með stöðugum umbótum á vinnuverndar- og öryggismálum innan fyrirtækisins.
- ✓ Að upplýsa starfsfólk, verktaka og þjónustuaðila um öryggi á vinnustað og gerð áhættumats. Stjórnendur, starfsmenn, verktakar og þjónustuaðilar þekki og vinni eftir þeim öryggisreglum sem í gildi eru á hverjum tíma hjá fyrirtækinu.
- ✓ Að tryggja skýr skilaboð á starfsstöðum þar sem ábyrgð og öryggisferlar eru ljósir svo sem viðbragðs- og rýmingaráætlanir.
- ✓ Að efla jákvæða ímynd fyrirtækisins í öryggismálum.
- ✓ Að hafa reglulegt eftirlit með vinnusvæðum, ástandi vinnuvéla, öryggisbúnaði og hlífðarfatnaði.
- ✓ Að meta ávallt öryggisþætti upp á nýtt þegar breytingar eiga sér stað í starfseminni og að láta úrbætur í öryggismálum almennt hafa forgang.
- ✓ Að setja mælanleg markmið í öryggis- og vinnuverndarmálum þar með talið þátttöku starfsmanna í sí- og endurmenntun.